

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar

Reykjavík, 3. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, 600. mál, heildarlög, EES reglur.

Ísáð er til bréfs Alþingis, dags. 18.02.2003, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun með ósk um svar eigi síðar en 3. mars 2003.

Síminn telur frumvarpið almennt til bóta og gerir í meginatriðum ekki athugasemdir við efni þess. Síminn hefur þegar gert athugasemdir við drög að frumvarpinu á fyrri stigum sem að hluta hafa verið teknar til greina. Síminn telur þó að ekki hafi verið tekið tillit til allra mikilvægra breytingatillagna og fagnar tækifæri til að koma þeim á framfæri hér með. Til að gera lestur athugasemdanna þægilegri er strikað undir á nokkrum stöðum og feitletrað það sem til breytinga horfir.

8. gr. Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Með þessu ákvæði frumvarpsins er Póst- og fjarskiptastofnun fengið verulegt vald til að fá upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum. Það er því brýnt að farið sé með þessar upplýsingar af ýtrustu gætni, ekki síst þær upplýsingar sem varða mikilvæga viðskiptalega hagsmuni sem birta á almennt. Í þessu sambandi má benda á orðalag í 29. gr. frumvarps til laga um fjarskipti, sem veitir heimild til undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að fari leynt. Einnig telur Síminn nauðsynlegt að hafa ákvæði er skyldar stofnunina til að eyða gögnum eins fljótt og unnt er og að heimild til birtingar á magntölum sé bundin við almennar og ósundurgreinanlegar tölfræðilegar upplýsingar um magn.

Lagt er til að 2. mgr. orðist svo: " Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál og skal gögnum eytt þegar tilgangi með öflun þeirra hefur verið náð."

Jafnframt er lagt til að 3. mgr. orðist svo: " Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta **almennar og ósundurgreinanlegar** tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar. **Heimilt er að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að fari leynt.**"

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is

14. gr. Gjaldtaka o.fl.

Í 3. mgr. 14. gr. er mælt fyrir um gjald fyrir úthlutun símanúmera. Hér leggur Síminn til með tilliti til reglna um númeraflutning að símafyrirtæki greiði gjald af númerum sem eru í notkun hjá því í upphafi hvers árs en ekki úthlutuðum númerum. Að öðrum kosti þarf fyrirtæki að greiða af númeri sem er í notkun hjá öðru fyrirtæki.

Lagt er til að ákvæðið orðist svo: "Fyrir hvert númer sem er í **notkun** hjá fjarskiptafyrirtæki í **upphafi árs** er heimilt að taka fyrir árlegt gjald....."

Í 3. mgr. 14. gr. er einnig ákvæði um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að taka allt að 200.000 kr. árlegt gjald fyrir fjögurra stafa númer, p.m.t. forskeyti og netkóða, óháð fjölda stafa. (Undirstrikun Símans.) Það er nýmæli að forskeyti og netkóðar (óháð fjölda stafa) flokkast nú sem fjögurra stafa númer. Síminn hefur þegar mótmælt þessu gjaldi á forskeytið 1001, með bréfi dags. 2. desember 2002 til Póst- og fjarskiptastofnunar en niðurstaða liggur ekki fyrir í því máli. Hjálagt er framangreint bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar. Um nánari rökstuðning Símans vísast sérstaklega til 4. tl. bréfsins.

Lagt er til að felld verði niður orðalagið "**p.m.t. forskeyti og netkóða.**"


Einnig er lagt til að nýtt ákvæði verði sett inn sem orðist svo: "**Rekstrargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.**" Ákvæðið er til samræmis við sambærilegt ákvæði um álagningu jöfnunargjalds, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti.

11. mgr. 14. gr.

Lagt er til að þessi málsgrein verði **felld niður í heild sinni**, en hún heimilar Póst- og fjarskiptastofnun að krefjast sérstakar greiðslu samkvæmt reikningi fyrir kostnað við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum. Fjarskiptafyrirtæki greiða þegar rekstrargjald sem á að vera nægilegt til að greiða fyrir nauðsynlegar aðgerðir af þessu tagi.

Virðingarfyllst,

Fh. Símans


Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfr.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 2.12.2002

Póst- og fjarskiptastofnun,
Smiðjuvegi 68-70
200 Kópavogi

Efni: Gjaldtaka vegna forskeyta

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóstssendinga í tilefni af því að Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert Landssíma Íslands hf. (Símanum) reikning fyrir forskeytið 1001.

Síminn hefur þegar bent á, að umrætt forskeyti getur engan veginn staðið sem sjálfstætt númer, sbr. hins vegar þriggja og fjögurra stafa stuttnúmer (t.d. í 18, 155, 1100 og 1717). Engu að síður óskar stofnunin eftir frekari rökstuðningi fyrir beiðni um niðurfellingu á gjaldtökunni.

Af þessu tilefni er rétt að taka fram:


1. Þar sem hér er um breytingu á stjórnsýsluframkvæmd að ræða, en stofnunin hefur ekki litið á forskeyti sem gjaldskyld stuttnúmer fram til þessa, liggur það skv. almennum reglum stjórnsýsluréttar fyrir stofnuninni að rökstyðja ítarlega forsendur fyrir hinni breyttu afstöðu. Þrátt fyrir þetta mun afstaða Símans rökstudd nánar.
2. Ekki er ágreiningur milli aðila að 1001 er forskeyti í skilningi laga, sbr. orðalag stofnunarinnar í meðfylgjandi tölvupósti.
3. Um forskeyti gilda aðrar reglur, þ.m.t. vegna gjaldtöku, en stuttnúmer (þjónustunúmer). Þannig er forskeyti skilgreint sérstaklega í lögum og reglum, sbr. 13. tl. 3. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, og 2. gr. reglna nr. 832/2000. Stuttnúmer er hins vegar ekki skilgreint sérstaklega í lögum, en hugtakið þjónustunúmer í skilningi 2. reglna nr. 832/2000 er skilgreint sérstaklega sem: „3- eða 4-stafa númer sem veita aðgang að sérstakri þjónustu sem tengist fjarskiptastafsemi rekstarleyfishafa sbr. bilanatil kynningar, þjónustuver o.fl.“
4. Á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laga nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, skal tekið kr. 200.000. gjald fyrir fjögurra stafa númer og kr. 1.000.000. fyrir þriggja stafa númer. Hér er augljóslega átt við stuttnúmer/þjónustunúmer. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögunum segir að gert sé ráð fyrir að „gjald fyrir stuttnúmer verði hátt, meðal annars í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn þar sem um tiltölulega fá númer er að ræða og því erfitt, þegar til lengri tíma er litið, að anna eftirspurn.“ Jafnframt segir að „reglur sem um þetta hafa verið settar hafa ekki dugað til að draga úr eftirspurn og þrýstingi frá umsækjendum.“
5. Á því leikur enginn vafi að ofangreind sjónarmið í athugasemdum með frumvarpinu gilda ekki um forskeyti, þegar af þeirri ástæðu að fjarskiptafyrirtækjum er beinlínis skylt að „gera notendum sínum mögulegt að hringja í forskeyti eða númer allra aðila sem veita fjarskiptaþjónustu“, sbr. 1.

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.simin.is
Netfang: [siminn@simi.is](mailto:simin@simi.is)

ml. 2. mgr. 33. gr. fjarskiptalaga. Í framhaldi af gildistöku laga á fjarskiptasviðinu 1. janúar 2000 hætti Síminn hins vegar notkun á ýmsum stuttnúmerum/þjónustunúmerum, sem hann hafði forræði á, svo sem 114, 115, 145, 146 og 147.

6. Með vísan til alls ofangreinds verður að telja fyrirhugaða gjaldtöku fráleita og ekki byggða á tilhlýðilegum lagagrundvelli. Eru öll fyrri mótmæli ítrekuð í þessu sambandi og þess vænst að ekki þurfi að koma til frekari bréfaskipta um þetta efni.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.



Páll Ásgrímsson, hdl.